



Fundargerð

**Svæðisráð vestursvæðis - 95. fundur svæðisráðs vestursvæðis
haldinn á fjarfundi,
7. apríl 2021, kl. 13:00.**

Fundinn sátu:

Árni Pétur Hilmarsson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Þingeyjarsveitar,
Sandra Brá Jóhannsdóttir, varaformaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Skaftárhrepps,
Ásta Berghildur Ólafsdóttir, aðalfulltrúi Ásahrepps,
Ingibjörg Eiríksdóttir, aðalfulltrúi umhverfisverndarsamataka,
Karl Ingólfsson, aðalfulltrúi Samtaka útivistarfélaganna,
Sveinn Hreiðar Jensson, aðalfulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands,
Fanney Ásgeirsdóttir, þjóðgarðsvörður,
Jóna Björk Jónsdóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar,

1. KPMG - Vinna vegna stefnumótunar - 2010026

Stefnumótun Vatnajökulsþjóðgarðs hefur verið unnin undir leiðsögn KPMG í samvinnu við starfsmenn stofnunarinnar og stjórnar. Á síðasta stjórnarfundinum voru núverandi drög samþykkt og þess óskað að þau væru aðgengileg á heimasíðu þjóðgarðsins og að fjallað yrði um þau í svæðisráðum þjóðgarðsins.

Svæðisráð vestursvæðis telur að skjalið líti vel út og er ánægt með þá vinnu sem unnin hefur verið. Vanda mætti orðalag með tilliti til málfars og góðrar íslensku.

Samþykkt

2. Vonarskarð - C - Tillögur - 2011013

Fyrir fundinum lágu upplýsingar til kynningar.

Á síðasta stjórnarfundinum var samþykkt að gefa svæðisráð vestursvæðis tækifæri til að kynna sér þau mál sem hafa komið fram síðan svæðisráðið ræddi málið síðast.

Gestir

Ingibjörg Halldórsdóttir - 13:15

Svæðisráð Vestursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs styður endurskoðaða tillögu stjórnarformanns VJP um að rétt sé að fá túlkun ráðuneytisins á heimildum þjóðgarðsins og samspili laga um VJP og laga um náttúruvernd, til þess að stjórn VJP geti tekið ákvörðun um málefni Vonarskarðs. Að öðru leyti stendur afgreiðsla svæðisráð frá 14.10.20. Samþykkt af IE, SHJ KI, ÁPH og SBJ, ÁBÓ situr hjá.

Samþykkt

3. Vinna við ferla og reglur vegna stjórnar og svæðisráða VJP - 2103013

Gestur Ingibjörg Halldórsdóttir lögfræðingur Vatnajökulsþjóðgarðs kynnir vinnu sem er að hefjast við að skýra og styrkja verklag og ferla í störfum stjórnar og svæðisráða Vatnajökulsþjóðgarðs.

Gestir

Ingibjörg Halldórsdóttir - 14:10

Gagnlegar umræður voru um efnið og þakkar svæðisráð Ingibjörgu Halldórsdóttur fyrir kynninguna.

Samþykkt

Fundargerð ritaði: Jóna Björk Jónsdóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar.

Fundi slitið kl. 14:15.